

þá slík kaup gerð á sömu tímum og í 1. gr. segir. Um leið og kaup eru gerð, skal tryggingafélag skila ársfjórðungsskýrslu um verðbréfa kaup á eyðublaði, er félagsmálaráðuneytið lætur í té.

3. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast sölu íbúðalánabréfa til tryggingafélaga fyrir Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Tryggingafélög geta valið milli þeirra tegunda verðbréfa, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur á boðstólum hverju sinni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1964 skulu kaup á íbúðalánabréfum nema 25% af $\frac{1}{2}$ ráðstöfunarfjár tryggingasjóðs líftrygginga á því ári. Skulu kaup vegna mánaðanna júní—september gerð fyrir októberlok 1964 og kaup vegna mánaðanna október—desember 1964 fyrir janúarlok 1965, hvorttveggja á grundvelli aukningar tryggingasjóðs 1963 svo og ársfjórðungsskýrslna um afborganir og útdregin bréf. sbr. 2. mgr. 1. gr. Leiðrétting skal síðan gerð fyrir lok 2. ársfjórðungs 1965, sbr. 1. mgr. 1. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 240 6. des. 1963, um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík o. fl.

1. gr.

Fyrsti málsliður 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Þar skal heimilt að selja kort, frímerki, dagblöð, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, nýja ávexti, ís, sælgæti, tóbaksvörur, eldspýtur, öl, gosdrykki, heitar pylsur, rakblöð, raksápu, handsápu, tannkrem, raffhlöður, rafmagnsperur, spil, skyndiplástur, kaffi, te, kakao, kex (innpakkað), ávaxtasafa, niðursoðna ávexti, tannbursta, greiður, bómull, dömubindi, V.S.-pappír, kvensokka, vinnuvetlinga, filmur, sólgleraugu og annað slíkt. Heilbrigðisnefnd ákveður, hvað selja megi á hverjum stað og ákveður nánar, hvernig umbúnaði skuli hagað.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar heimilað, að verzlani, sem eingöngu selja smurt brauð, öl, gosdrykki og mjólk, svo og verzlani, sem eingöngu selja neyzluís, megi vera opnar til kl. 23.30 alla þá daga, sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

Ennfremur getur borgarráð með sama hætti heimilað, að fyrirtæki, er selja um söluop og hafa á boðstólum heitar pylsur, smurt brauð, annan tilbúinn mat innpakkaðan, mjólk, heita drykki og aðrar neyzluvörur, sem heilbrigðisnefnd leyfir, megi vera opnar til kl. 23.30, enn fremur má selja vörur, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., þótt ekki séu neyzluvörur, ef heilbrigðisnefnd telur aðstæður til slíks fullnægjandi. Að fengnum meðmælum lögreglustjóra getur borgarráð leyft að sala fari þar fram eftir kl. 23.30, en þá skal jafnframt ákveðið, hvenær lokað skuli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Borgarráð getur heimilað verzlunum, sem hafa til sölu sæmlegt úrval helztu nauðsynjavara, að hafa opið með þeim hætti, sem um ræðir í 1. mgr. 3. gr.

Áður en leyfi, skv. 1. mgr. verður veitt, skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og lögreglustjóra, og má ekki veita leyfi, nema meðmæli þeirra komi til.

Um framkvæmd að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum samþykktarinnar eftir því, sem við getur átt.

Borgarráð getur áskilið greiðslu gjalds, skv. 11. gr., fyrir hvert leyfi, sem veitt verður skv. þessari grein.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júlí 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

30. júní.

Nr. 152.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 75 29. apríl 1963, um innflutings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

A. Eftirtaldir liðir falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá

Kaflí nr.

Vörutegund

- | | |
|----------|---|
| 20.07.01 | Ávaxta- og grænmetissafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum og stærri. |
| 43.03.00 | Vörur úr loðskinnum. |
| 48.03.09 | Pergamentpappír og pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar og pergamyn, í rúllum eða örku. |
| 48.17.00 | Spjaldskrárkassar, geymsluöskjur og annað þess háttar úr pappír og pappa til notkunar á skrifstofum, verzlunum o. þ. h. |
| 59.09.09 | Vaxdúkur. |
| 70.03.00 | Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler), óunnið. |
| 70.07.00 | Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skorið í aðra lög en réttþyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fagað; marglaga einangrunargler, blýgreypar rúður og þess háttar. |